

## **4. fundur sveitarstjórnar Fljótsdalshrepps, Végarði 31.08 2010 , kl. 13.00**

Mættir: Gunnþórunn, Jóhann, Anna Jóna, Lárus og Jónas Hafþór, 4. varamaður, í stað Þorvarðar sem er fjarverandi.

Oddviti setti fund og bauð Jónas Hafþór velkominn á hans fyrsta sveitarstjórnarfund. Gengið var til dagskrár.

### **Dagskrá:**

- 1. Skýrsla oddvita**
- 2. 6 mánaða uppgjör Fljótsdalshrepps og skil á fjárhagsupplýsingum**
- 3. Laugarfell,**  
fornleifaskráningarskýrsla, 3 verkfundur, tilboð í umhverfishönnun, kamína
- 4. Fjallaskarð**
- 5. Gistihús**
- 6. Jarðstrengjalagnir í Suðurdal,**  
tilboð Tengis
- 7. Bréf**
  - a) Afrit af bréfi Umhverfisráðuneytis til HAUST, dags. 10.08
  - b) Fljótsdalshérað ,skipulagsmál Hallormsstað, tölvupóstur 18.08
  - c) Vegagerðin dags. 18.08
- 8. Umhverfisstyrkir**  
Sveinn Ingimarsson
- 9. Fjarbeiðnir**  
Íþróttasamband lögreglumanna 26.08
- 10. Fundargerðir**
  - a) Skógarorka 04.08, ásamt ársreikningi 2009
  - b) HAUST 18.08
  - c) Brunavarnir á Austurlandi 17.08
  - d) Fjallskilanevnd Fljótsdalshrepps 23.08, ásamt gangnaseðli 2010
- 11. Önnur mál**

### **1. Skýrsla oddvita**

13. ágúst unnu oddviti, varaoddviti og lögmaður sveitarfélagsins að undirbúningi á svörum til Umhverfisstofnunar vegna óska stofnunarinnar um mat sveitarfélagsins á hvernig til hefði tekist með að framfylgja skilyrðum sem umhverfisráðherra setti í úrskurði um mat á umhverfisáhrifum Kárahnjúkavirkjunar. Einnig var óskað upplýsinga um ýmsa leyfisþætti virkjanaframkvæmdanna.

18. ágúst var farin ferð í Fjallaskarð til að skoða aðstæður og velja stað fyrir nýjan skála.

Fljótsdalsdagur Ormsteitis var sunnudagurinn 22.ágúst. Þrátt fyrir heldur óhagstætt veður er áætlað að yfir 400 manns hafi mætt á tónleika og dagskrá að Skriðuklaustri. Um 70 manns mættu í opið hús hjá Fljótsdalsgrund og Landsvirkjun í Végarði. 12 mættu í gönguferð í

Ranaskóg. Við gönguleiðina hefur verið sett upp skilti sem kynnir gönguleiðamöguleika í skóginum og náttúru hans. Árleg veiðikeppni var að þessu sinni í Bessastaðaá, þar voru þátttakendur af yngri kynslóðinni og náðu að setja í nokkra fiska.

Jón Benjamínsson jarðfræðingur var í Fljótsdal dagana 16-22 ágúst við að mælingar á borholum í Laugarfelli og vann að áætlun um virkjun holanna til nota í Laugarfellsskála. Jón er væntanlegur austur aftur.

Starfshópur SSA sem oddviti situr í fyrir hönd Fljótsdalshrepps, fundaði vegna vinnu við sameiningu Austurlands í eitt sveitarfélag 12. ágúst. Á fundinum var því lýst yfir af fulltrúum sveitarfélaganna að þeir teldu umboð sitt aðeins snúa að því verkefni. Næsti fundur starfshópsins er 2. september.

Sveitarstjórn fundaði með framkvæmdastjóra Íshesta 23. ágúst. Til umræðu voru ýmis mál er snúa að skipulögðum ferðalögum á hestum á svæðinu. Sameiginlegur áhugi er á að bæta aðstæður til slíkra ferða og vænst jákvæðs samstarfs við forsvarsmenn Vatnajökulsþjóðgarðs við þá uppbyggingu.

Tæming Ufsarlóns og aurskolun stendur yfir um þessar mundir, en í áætlunum LV er gert ráð fyrir að tæming verði árlega.

Hallormsstaðaskóli var settur 26.ágúst af nýjum skólastjóra Írisi D. Randversdóttur. 44 nemendur eru í skólanum. Endurbótum á snyrtingum í andyri skólans er lokið og aðkoma að skólanum hefur tekið stakkaskiptum eftir að bílastæði hafa verið malbikuð.

Samráðshópur eftirlitsaðila og Landsvirkjunar fundar 2. september. Kristinn Bjarnason lögmaður sem hefur verið fulltrúi sveitarfélagsins í hópnum hefur ekki tök á að mæta á þennan fund og þarf því varafulltrúa í hans stað. Lárus verður fulltrúi Fljótsdalshrepps.

Neysluvatnssýni sem tekið var í Végarði fékk ágæta niðurstöðu og stóðst vatnið gæðakröfur neysluvatnsreglugerðar.

Landsvirkjun hefur sent sveitarfélaginu skýrsluna LV-2010/049- Staða rofvarna við Háslón.

Þjóðskjalasafn Íslands hefur gefið út nýtt leiðbeiningarit um skjalavörslu sveitarfélag og sent 2 eintök af ritinu.

Gönguleiðaskilti fyrir Ranaskóg sem unnið hefur verið í samstarfi við Gunnarsstofnun var sett upp til bráðabirgða fyrir Fljótsdalsdag, skilti fyrir gönguleið að Strútsfossi er í framleiðslu. Við gerð skiltanna var hannað merki (Ferðaleiðir í Fljótsdal). Stefnt er að því að láta framleiða fána með merkinu.

Oddviti verður í sumarfríi dagana 6-10. september og mun varaoddviti annast afleysingu.

## **2. Sex mánaða uppgjör Fljótsdalshrepps og skil á fjárhagsupplýsingum**

Oddviti lagði fram skýrslu um fjárhag sveitarfélagsins fyrir fyrstu sex mánuði ársins. Með lögum sem sett voru í vor, er þess nú krafist að sveitarfélög skili slíkum upplýsingum ársfjórðungslega í miðlægan grunn. Í byrjun er þó beðið um 6 mánaða yfirlit. Bókhaldari sveitarfélagsins vann skýrsluna sem hefur verið send inn í grunninn. Einhver kostnaður mun verða vegna aukinnar vinnu við bókhald vegna skýrslugerðarinnar. Einnig lagði oddviti fram til kynningar sex mánaða uppgjör sveitarfélagsins hvað varðar rekstur og fjárfestingar. Til hliðsjónar er fjárhagsáætlun ársins sem samþykkt hefur verið að endurskoða. Stefnt að því að það verði á næsta fundi.

## **3. Laugarfell**

-Fyrir liggur fornleifarskráning vegna deiliskipulags við Laugarfell á Fellnaafrétti í Fljótsdalshreppi, unnin af Skriðuklaustursrannsóknum. Skýrslan verður sett inn á heimasíðu sveitafélagsins.

-Komið er þriðja tilboðið í umhverfishönnun Laugafells. Oddviti falið að hafa samband við þá tvo tilboðsgjafa sem ekki sendu inn hugmyndir að hönnun (aðeins kostnaðaráætlun vegna vinnu hönnuða), og fara fram á að þeir komi með hugmyndir að hönnun svo sveitarstjórn geti tekið afstöðu til tilboðanna.

*-Jónas Hafþór vék af fundi kl.14:41, vegna vanhæfis.*

-Við uppgjör við YL sem nýlega fór fram vegna framkvæmda við grunn og plötu er áfallin aukakostnaður rúmar 2,8 milljónir.

-Fundargerðir 3. og 4. verkfundar voru lagðar fram til kynningar ásamt framvinduskýrslu verktaka.

-Samþykkt að taka tilboði Funa í Jötul kamínu.

*-Jónas kemur aftur til fundar kl.15:11.*

## **4. Fjallaskarð**

Komin er niðurstaða um kaup á vinnubúðaeiningum hjá LV, til viðbótar þeim einingum sem hreppurinn á. Verkís vinnur að nánari útfærslu og gögnum fyrir byggingarnefnd Fljótsdalshéraðs.

## **5. Gistihús**

Rætt um skipulag á lóð og framkvæmdir við grillaðstöðu og varðeld og að koma þurfi því skipulagi sem til er af lóðinni á eitt skjal.

**6. Jarðstrengjalagnir í Suðurdal,** tilboð Tengis í ljósleiðarastreng tengibúnað og tengivinnu hljóðar uppá rúmlega 4.400.000 milljónir kr. Samþykkt að taka tilboðinu.

## **7. Bréf**

- a. Afrit af bréfi Umhverfissráðuneytis til HAUST, dags. 10.08, varðar samþykkt um þrífnað og umgengni utanhúss. Kynnt
- b. Fljótsdalshérað ,skipulagsmál Hallormsstað, tölvupóstur 18.08 Kynnt. Sveitarstjórn hefur engar athugasemdir við fyrirhugaðar aðalskipulagsbreytingar Fljótsdalshéraðs.
- c. Vegagerðin dags. 18.08. Fljótsdalshreppur hefur fengið úthlutað styrk úr styrkvegarsjóði kr. 1.000.000 . Oddvita falið að skrifa undir samning vegna þessa. Stefnt er að áframhaldandi lagfæringum á Klausturselsleið fyrir úthlutaðan styrk.

## 8. Umhverfisstyrkir

Sveinn Ingimarsson sækir um umhverfisstyrk. Samþykkt umsókn.

*Samþykkt að taka fyrir d. lið 10 dagskrárliðar, en fresta öðrum óafgreiddum liðum til næsta fundar sveitarstjórnar.*

## 10. Fundargerðir

d). Fjallskilanevnd Fljótsdalshrepps 23.08, ásamt gangnaseðli. Fundargerðin kynnt. Samþykkt beiðni fjallskilanevndar um að sveitarfélagið greiði kostnað af smölun á Hraunum, en gert er ráð fyrir að 7 menn þurfi til að smala svæðið. Einnig samþykkt beiðni um að sveitarfélagið greiði kostnað vegna 1 dagsverks á Kiðafelli, en oddviti benti á að samkv. útgefnum gangnaseðli hefði fjallskilanevnd haft möguleika á að leggja á eitt dagsverk, umfram það sem gert var.

Fleira ekki tekið fyrir og fundi slitið kl. 16.45

Lárus ritaði fundargerð

Gunnþórunn Ingólfssdóttir (sign)

Lárus Heiðarsson (sign)

Anna Jóna Árnarsdóttir (sign)

Jóhann F. Þórhallsson (sign)

Jónas Hafþór Jónasson (sign)